

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana sem heyra undir ráðuneytið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert er hlutfall karla og kvenna í stöðu forstjóra/forstöðumanna opinberra stofnana sem heyra undir ráðuneytið og hve lengi hafa þeir gegnt embætti?

Hlutfall karla og kvenna í stöðum forstjóra/forstöðumanna stofnana sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, sem og upplýsingar um starfstíma þeirra, má sjá í eftirfarandi töflu:

Stofnun (ráðning/skipun)	Kona	Karl	Starfstími
Fiskistofa	-	x	1990
Hafrannsóknastofnunin	-	x	1998
Verðlagsstofa skiptaverðs	x	-	2008
Matvælastofnun	-	x	2008
Hagþjónusta landbúnaðarins	-	x	1997
Veiðimálastofnun	-	x	1997
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	-	x	1978
Matís ohf.	x	-	2007

Kynjahlutföllin eru því þannig að konur skipa 25% af stöðum forstöðumanna/forstjóra í stofnunum sem heyra undir ráðuneytið og karlar 75%.